## Reikningur 49

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Örum & Wulffs 1890.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eign sjóðsins 1. jan. 1890: | | |
| a. Innritunarskírteini A. fol. 92 . . . . . . . . . . . | 4000 00 | |
| b. Í peningum . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 54 95 | 4054 95 |
| 2. Leigur af innritunarskírteini A. fol. 92 frá $^{11}/_{6}$ 89 til $^{11}/_{6}$ 90 . . . | | 140 00 |
| | | 4194 95 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Styrkur veittur Kristjáni Kristjánssyni frá Hallgilsstöðum fylgiskj. 1 . | | 150 00 |
| 2. Í sjóði við árslok 1890: | | |
| a. Innritunarskírteini A. fol. 92 . . . . . . . . . . . | 4000 00 | |
| b. Í peningum . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 44 95 | 4044 95 |
| | | 4194 95 |

Íslands norður- og austuramt, Akureyri 2. jan. 1891. Húsavík þ. 11. jan. 1891.
*J. Havsteen.* *Þ. Guðjohnsen.*

## Skýrsla 50

um styrktarsjóði prestaskólans árið 1890.

1. Prestaskólasjóðurinn.

| Tekjur: | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Eptirstöðvar við árslok 1889: | | |
| a. veðskuldabrjef einstakra manna . . . . . . | 3520 00 | |
| b. á vöxtum í landsbankanum . . . . . . . | 26 27 | 3546 27 |
| 2. Vextir á árinu 1890: | | |
| a. af veðskuldabrjefum . . . . . . . . . . | 140 80 | |
| b. af innstæðu í landsbankanum . . . . . . . | 3 31 | 144 11 |
| | Samtals: | 3690 38 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Styrkur veittur stúdentum . . . . . . . . . . . | | 100 00 |
| 2. Eptirstöðvar við árslok 1890: | | |
| a. veðskuldabrjef einstakra manna . . . . . . | 3520 00 | |
| b. á vöxtum í landsbankanum . . . . . . . | 70 38 | 3590 38 |
| | Samtals | 3690 38 |

2. Gjöf Halldórs Andrjessonar.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Eptirstöðvar við árslok 1889: | | |
| a. veðskuldabrjef einstakra manna . . . . . . | 2680 00 | |
| b. á vöxtum í landsbankanum . . . . . . . | 30 99 | 2710 99 |
| 2. Vextir á árinu 1890: | | |
| a. af veðskuldabrjefum . . . . . . . . . . | 107 20 | |
| b. af innstæðu í landsbankanum . . . . . . . | 1 60 | 108 80 |
| | Samtals: | 2819 79 |

50

| Gjöld: | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Styrkur veittur stúdentum . . . . . . . . . . . | | 100 00 |
| 2. Eptirstöðvar við árslok 1890 | | |
| a. veðskuldabrjef einstakra manna . . . . . . | 2680 00 | |
| b. á vöxtum í landsbankanum . . . . . . . | 39 79 | 2719 79 |
| Samtals | | 2819 79 |

Reykjavík 5. marz 1891.
*H. Hálfdánarson.*

51

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1890.

| Tekjur: | | Kr. a. |
|---|---|---|
| 1. Eptirstöðvar frá f. á. . . . . . . . . . . . . | | 30 59 |
| 2. Tillag úr landssjóði . . . . . . . . . . . . . | | 200 00 |
| | | 238 59 |
| **Gjöld:** | | |
| 1. Borgað til síra Eiríks Kúld fyrir að hafa umsjón með bókasafninu . . | | 30 00 |
| 2. Fyrir keyptar bækur: | | |
| a. hjá Ó Finsen . . . . . . . . . . . . | 110 85 | |
| b. á uppboði . . . . . . . . . . . . . | 19 50 | 130 35 |
| 3. Fyrir bókband: | | |
| til bókbindara Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar . . . . . . . | | 65 00 |
| 4. Ýmisleg gjöld . . . . . . . . . . . . . . | | 1 40 |
| 5. Í sjóði hjá undirskrifuðum . . . . . . . . . . | | 11 84 |
| | | 238 59 |

Amtmaðurinn í vestur-amtinu, Reykjavík 4. apríl 1891.
*E. Th. Jónassen.*

52
2. marz.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu,* **um hafnsöguþvingun og reglugjörðir fyrir hafnsögumenn.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 27. desbr. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, útaf ýmsum fyrirspurnum til yðar um skyldur hafnsögumanna og rjettindi þeirra, sjerstaklega um það, hvort skip sjeu eigi skyld til að nota leiðbeining þeirra, en ella borga hafnsögugjald að nokkru eða öllu leyti, beiðzt leiðbeiningar um, hvort hafnsöguþvingun (Lodstvang) geti átt sjer stað á þeim stöðum, þar sem yfirvaldið hefur skipað hafnsögumenn, og hvort amtinu sje heimilt, eins og áður hefur átt sjer stað, að gefa út reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta, og látið þjer í ljósi, að þjer fáið eigi sjeð að í slíkar reglugjörðir verði settar hegningar ákvarðanir, nema eptir æðri heimild.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að engin heimild er fyrir hafnsöguþvingun hjer á landi, en reglugjörðir fyrir hafnsögumenn og hafnsögutaxta virðist amtið geta sett, til leiðbeiningar og eptirbreytni fyrir hafnsögumennina, þó án hegningarákvæða.